



Borgarráð

Reykjavík, 13. apríl 2026
FAS26010020

Viðauki við fjárhagsáætlun 2026

1. Ákvörðun kjaranefndar

Lagt er til að fjárheimildir fagsviða og miðlægrar stjórnsýslu hækki um 78.839 þ.kr. vegna ákvörðunar kjaranefndar frá 14. janúar 2026. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09126, launa- og starfsmannakostnaður.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
ÖNN	09126	Launa- og starfsmannakostnaður	Frá	-78.839
ÝMSIR	xxx	Kjaranefndarraðaðir stjórnendur	Til	78.839
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er talin þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Kjaranefnd Reykjavíkurborgar er sjálfstæð stjórnsýslunefnd sem ákvarðar kjör stjórnenda sem ekki eru í stéttarfélagum. Kjaranefnd hefur ákvarðað um breytingar á launatöflu sem tekur gildi frá 1. júlí 2026 ásamt breytingum sem eru afturvirkar til 1. júlí 2025. Ákvarðanir kjaranefndar hefur ekki áhrif á laun borgarstjóra né borgarstjórnar. Um er að ræða einskíptis afturvirka leiðréttingu fyrir árið 2025, 25.819 þ.kr ásamt 53.020 þ.kr í ramma fyrir árið 2026.

2. Samþætting þjónustu í þágu farsældar barna

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs og skóla og frístundasviðs hækki um 381.884 þ.kr. vegna samþættingar í þjónustu í þágu farsældar barna, lög nr. 86/2021. Breytingin verður fjármögnuð með hækkun tekna á kostn.st. 00103.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þ.kr.)
SKATT	00103	Tekjur vegna farsældarfrumvarps	Frá	-381.884
VEL	xxx	Farsældarfrumvarp	Til	152.754
SFS	xxx	Farsældarfrumvarp	Til	229.130
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er talin þörf á jafnréttisskimun.



Greinargerð:

Vísað er til samþykktar borgarráðs frá 30. júní 2022 liður 26, VEL22060083, fjármagn sem ætlað er til innleiðingar laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 um skiptingu úthlutaðs fjármagns milli sviðanna. Ekki lágu fyrir upplýsingar um framlag ríkis til sveitarfélaga eða skiptingu þess við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2026 og tekur viðaukinn á því.

3. Skipulagsbreytingar á þjónustu- og nýsköpunarsviði

Lagt er til að þjónustu- og nýsköpunarsvið fái heimild til að flytja fjárheimildir innan sviðs vegna skipulagsbreytinga. Ekki er um að ræða breytingar á fjárheimildum.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÞON	01390	Hugbúnaðarþróun	Frá	-58.058
ÞON	01261	Gagnaþjónusta	Til	58.058
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er talin þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Þann 1. janúar 2026 fluttist hugbúnaðarþróun frá upplýsingatækniþjónustu yfir til gagnaþjónustu. Þrjú stöðugildi ásamt 5% starfsmannakostnaði færast því yfir til gagnaþjónustu frá upplýsingatækniþjónustu sviðsins.

4. Skipulagsbreytingar á velferðarsviði

Lagt er til að fjárheimildir þjónustu- og nýsköpunarsvið hækki um 30.000 þ.kr vegna skipulagsbreytinga. Á sama tíma lækka fjárheimildir velferðarsviðs um sömu fjárhæð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
VEL	F9715	Rafræn miðstöð - flutningur stöðugilda	Frá	-30.000
ÞON	01260	Þjónustuver - flutningur stöðugilda	Til	30.000
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er talin þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Í ársbyrjun 2026 voru færð 3 stöðugildi vegna símsvörunar frá Rafrænni miðstöð til þjónustuvers Reykjavíkurborgar. Þrjú stöðugildi ásamt 5% starfsmannakostnaði færast því yfir til þjónustu- og nýsköpunarsviðs frá velferðarsviði.

5. Skipulagsbreytingar á umhverfis- og skipulagssviði

Lagt er til að umhverfis- og skipulagssvið fái heimild til að flytja fjárheimildir innan sviðs vegna skipulagsbreytinga. Ekki er um að ræða breytingar á fjárheimildum.



Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
USK	ES4010	Verkefnastofa	Frá -116.393
USK	ES5110	Eignaskrifstofa	Frá -100.066
USK	xxx	Ýmsar skrifstofur	Til 216.459
Samtals			0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er talin þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Í borgarráði 15. maí 2025 voru samþykktar skipulagsbreytingar innan umhverfis- og skipulagssviðs og var sviðstjóra umhverfis og skipulagsviðs falið að útfæra tillögurnar. Ekki náðist að útfæra allar breytingar sem tóku gildi 1. september 2025 og nú um áramótin í fjárhagsáætlun 2026. Því er óskað eftir að gerðar verði tilfærslur í fjárhagsáætlun 2026 í samræmi við breytt skipurit umhverfis- og skipulagssviðs. Helstu breytingar eru þær að verkefnastofa hefur verið lögð niður ásamt eignaskrifstofu og munu verkefni þeirra deilda færast undir aðrar skrifstofur ásamt því að stofnuð hefur verið ný deild undir skrifstofu gjármála, deild innkaupa- og samningsstjórnunar.

6. Sumarstörf fyrir 17 ára

Lagt er til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á fjárheimildum ÖNN vegna sumarstarfa fyrir 17 ára. Kostnaðaraukinn verður fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -100.000
ÖNN	07150	Atvinnumál	Til 100.000
Samtals			0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er talin þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Vísað er til samþykktar borgarstjórnar þann 8. apríl 2025, þar sem borgarstjórn samþykkti að skapa 100 störf fyrir 17 ára ungmenni. Í samþykktinni fólst að jafnframt yrði lögð lokahönd á framtíðarfyrirkomulag sumarstarfa fyrir 17 ára ungmenni. Áætlaður heildarkostnaður vegna ráðninga í 4 vikur er 100.000 þ.kr.

7. Barnavernd – rekstur neyðarheimilis

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs hækki um 42.532 vegna reksturs neyðarheimilis. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá -42.532
VEL	F9020	Barnavernd	Til 42.532
Samtals			0



Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er talin þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Vísað er til samþykktar borgarráðs frá 3.mars 2026 liður 12, mál VEL26010155 þar sem samþykkt var að auka útgjaldaramma Barnaverndar Reykjavíkur til að semja við fjölskyldu um rekstur neyðarheimilis fyrir börn 0-12 ára, þar sem þau geta dvalið tímabundið í neyðartilvikum á meðan fundin er lausn á málum þeirra.

8. Barnavernd – styrking á starfsemi

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs hækki um 51.000 til að styrkja starfsemi Barnaverndar. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-51.000
VEL	F9020	Barnavernd	Til	51.000
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er talin þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Vísað er til samþykktar borgarráðs frá 3. mars 2026, liður 11, mál VEL26010154 þar sem samþykkt var að auka útgjaldaramma Barnaverndar Reykjavíkur frá og með 1. mars 2026 til að styrkja starfsemi Barnaverndar Reykjavíkur um þrjú stöðugildi. Áætlaður kostnaður er 51 m.kr. árið 2026 eða 61,2 m.kr. miða við heilt ár.

9. Samningur við Íslandsstofu - Meet in Reykjavík

Lagt er til að fjárheimildir miðlægrar stjórnsýslu hækki um 40.000 þ.kr. vegna samnings við Íslandsstofu um framkvæmd markaðs- og kynningarverkefnis Meet in Reykjavík. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn.st. 09205, ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-40.000
SBS	01288	Samskiptamál	Til	40.000
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er talin þörf á jafnréttisskimun.

Greinargerð:

Vísað er til samþykktar borgarráðs frá 18. desember 2025, liður 18, mál MSS25120048 þar sem samþykktur var samningur við Íslandsstofu um framkvæmd markaðs- og kynningarverkefnisins Meet in Reykjavík 2026 – 2030. Framlag Reykjavíkurborgar verður 40 m.kr. á ári út samningstímann sem er óbreytt upphæð frá fyrri samningi sem rann út í lok árs 2025. Jafnframt mun Íslandsstofa leggja til 46 m.kr. árlega til samningsins og Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús 5 m.kr.



Reykjavíkurborg hefur verið aðili að Meet in Reykjavík – Iceland Convention Bureau, eða Ráðstefnuborginni Reykjavík frá árinu 2012 í þeim tilgangi að styrkja ímynd Reykjavíkur sem eftirsóknarverður áfangastaður fyrir ráðstefnur, fundi, hvataferðir og alþjóðlega viðburði (e. MICE). Frumkvæði að stofnun höfðu Reykjavíkurborg, Icelandair Group og Harpa en alls komu fimmtán fyrirtæki að félaginu í upphafi.

Verkefnið var á síðasta ári flutt frá menningar- og íþróttasviði til skrifstofu samskipta og viðburða sem heyrir undir miðlæga stjórnslu án fjárheimilda.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

